

6. Einu sinni var ...

Sjáið hvað gerist þegar persónur í þekktum sögum skipta um kynhlutverk



Málefni	Lýðræði, mismunun, kynjajafnrétti
Þyngdarstig	Stig 2
Aldur	7–13 ára
Tími	40 mínútur
Hópstærð	5–15 börn
Tegund verkefnis	Frásögn, umræður
Yfirlit	Sögð er saga sem allir þekkja og kynhlutverkum persónanna víxlað. Síðan er rætt um staðalmyndir kynjanna.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að gera sér grein fyrir stöðluðum kynhlutverkum og persónum í skáldskap og daglegu lífi • Að ræða um hefðbundin og óhefðbundin kynhlutverk • Að hvetja til jafnréttis kynjanna
Undirbúningur	Endurskoðaðu /endurskrifaðu þekktu sögu (t.d. smásögu, ævintýri, bíómynd) sem er ekki nema 10 mínútna löng og víxlaðu kynhlutverkum aðalpersónanna. Breyttu einnig nafni þeirra og eiginleikum, ef þörf krefur. Veldu sögu með persónum af báðum kynjum sem haga sér á hefðbundinn hátt. (Sjáðu dæmið um Öskubusku hér á eftir.)
Efniviður	• Flettitafla og pennar

Leiðbeiningar

1. Segðu börnunum að setjast í hring og láta fara vel um sig, því að nú ætlir þú að segja þeim sögu; þau eigi að hlusta vel og athuga hvort sagan hljómi eitthvað undarlega. Lestu síðan söguna sem þú breyttir fyrir börnin. Stöðvaðu lesturinn annað slagð og spyrðu þau hvort þau taki eftir einhverju óvenjulegu í sögunni. Þegar öll börnin hafa áttað sig á því að búið er að víxla hlutverkum er ef til vill ekki þörf á að lesa alla söguna, þú vilt kannski fá álit barnanna strax.
2. Ræddu um söguna og notaðu spurningar á borð við:
 - a. Hvernig fannst ykkur sagan?
 - b. Var hún óvenjuleg að einhverju leyti?
 - c. Hvenær tókuð þið eftir að eitthvað væri öðruvísi en venjulega? Segðu þeim að nefna dæmi.
3. Bentu þeim á að okkur finnist hlutirnir óvenjulegir þegar þeir eru öðruvísi en við eigum að venjast í daglegu lífi. Segðu börnunum að hugsa sér einhverja eiginleika og athafnir sem þau telja vera dæmigerðar fyrir karla og konur í daglegu lífi. Skrifaðu tillögur þeirra á töflu eins og sjá má hér fyrir neðan.

Tafla 1, stöðluð kynhlutverk

	KARLAR/STRÁKAR	KONUR/STELPUR
HEFÐBUNDIN EINKENNI	Forvitnir, klárir, áræðnir, háværir, ævintýragjarnir, ágengir, metnaðargjarnir, stutthærðir	Kurteisar, viðkvæmar, hljóðlátar, hugulsamar, feimnar, forvitnar, hlýðnar, klæðast kjólum, síðhærðar
HEFÐBUNDNAR ATHAFNIR	Finnst gaman að íþróttum, lenda gjarnan í deilum, stunda vinnu, eiga frumkvæði, keyra trukka	Eru heimavinnandi, gera húsverkin, eru grátgjarnar, spjalla mikið, hafa gaman af fallegum fötum, hræddar við pöddur

Heimild: Stuðst var við verkefnið Gender-bender, ABC Teaching Human Rights, Practical activities for primary and secondary schools, United Nations, OHCHR, New York, Geneva, 2004, og Myra Sadker Advocates: www.sadker.org



4. Ræddu um þessa töflu:

- Berðu þessa töflu saman við hina venjulegu útgáfu sögunnar. Haga persónurnar sér á hefðbundinn hátt (er Öskubuska t.d. heimavinnandi, grætur, er misþyrmt og fær fallegan kjól meðan prinsinn ákveður aftur á móti að leita sér að eiginkonu og gerir snjalla áætlun um hvernig hann getur fundið Öskubusku)?
- Spyrðu börnin hvort þeim detti einhverjar aðrar sögur í hug þar sem persónurnar eru jafn dæmigerðar og hér. Skrifaðu jafnóðum niður hvaða sögur þau nefna og láttu þau útskýra tillögur sínar.

5. eru þessir eiginleikar dæmigerðir fyrir nútímakarla og -konur?

- Búðu til töflu eins og er hér fyrir neðan og segðu börnunum að skrá athugasemdir sínar um óhefðbundna hegðun, fyrst í sögunni og svo í raunveruleikanum.

Tafla 2: ekki stöðluð kynhlutverk

	KARLAR/STRÁKAR	KONUR/STELPUR
ÓHEFÐBUNDIN EINKENNI	Í sögunni: Þarf á hjálp að halda Reynsla ykkar:	Í sögunni: Stjórnsöm, klár Reynsla ykkar:
ÓHEFÐBUNDNAR ATHAFNIR	Í sögunni: Grætur, gerir hús- verkin, langar í falleg fót, er heimavinnandi Reynsla ykkar:	Í sögunni: Er ákveðin í að ná sér í eigin- mann, skipuleggur leit Reynsla ykkar:

6. Berðu saman og ræddu um þessar tvær töflur með spurningum á borð við:

- Þetta ykkur einhverjar aðrar sögur í hug þar sem einkenni og athafnir persónanna eru jafn óhefðbundnar? Skrifaðu jafnóðum niður hvaða sögur þau nefna og láttu þau útskýra tillögur sínar.
- Þekkið þið í raun einhverja karla eða konur sem haga sér ekki á hefðbundinn hátt? Segðu börnunum að lýsa hvað er óvanalegt við einkenni þeirra og athafnir og útskýra hvernig þau eru öðruvísi en aðrir.

7. Útskýrðu hugtakið staðalmynd og nefndu dæmi.

8. Segðu börnunum að horfa á töfluna sem sýnir hefðbundnu einkennin og athafnirnar. Segðu þeim að skera úr um hvað af dæmunum þar séu líffræðilegar staðreyndir um karla og konur og hvað séu skoðanir, viðhorf eða staðalmyndir.

9. Bentu þeim á að nú á dögum sjái bæði konur og karlar um verkefni eins og að þéna peninga, ala upp börn og annast heimilisstörf.

Samantekt og mat

- Þegar börnin eru farin að skilja hvað staðalmynd er skaltu leggja fyrir þau spurningar eins og þessar:
 - Hvernig er komið fram við fólk þegar það fylgir ekki staðalmyndum um hegðun karla og kvenna?
 - Hvers vegna eru staðalmyndir óréttmætar gagnvart körlum og strákum? Konum og stelpum?
 - Hvernig stuðla staðalmyndir kynjanna að misrétti milli karla og kvenna, stráka og stelpna?
- Hvað getið þið gert til að vinna gegn staðalmyndum?
- Spyrðu börnin hvort þau sjái einhver tengsl milli staðalmynda kynjanna og mannréttinda? Komdu þeim í skilning um að allir njóti þeirra mannréttinda að vera ekki mismunandi, þar á meðal vegna kynferðis eða staðlaðra kynhlutverka.
- Spyrðu börnin hvað þeim fannst um verkefnið.



Tillögur um framhald

- Segðu börnunum að leita að öðrum sögum eða bíómyndum þar sem stelpur og strákar eru jafn rétthá og gegna hlutverkum sem eru ekki dæmigerð fyrir kynin.
- Í verkefnum „Strákar gráta ekki!“, bls. 179, og „Það sem mér finnst gaman og það sem ég geri“, bls. 198, er einnig fjallað um staðalmyndir kynjanna og áhrif þeirra.

Hugmyndir um aðgerðir

Spyrðu eftirfarandi spurningar: „Er fólki hér á landi mismunað vegna þess að það kemur ekki fram eins og fólki finnst karlar/strákar eða konur/stelpur eigi að koma fram?“

- Segðu börnunum að nefna dæmi, einkum úr daglegu lífi þeirra.
- Fáðu börnin til að leika hvað þau myndu segja eða gera við slíkar aðstæður til að vinna gegn mismunun.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Markmiðið með þessu verkefni er að efla kynjajafnrétti og fá börnin til að velta fyrir sér eigin hugmyndum, sem og hugmyndum annarra, um kynhlutverk.
- Vektu athygli á að væntingar um hegðun kynjanna geta verið mismunandi milli landa, frá einu samfélagi til annars og jafnvel milli fjölskyldna. Leggðu áherslu á að ekki er alltaf lögð sama merking í hugtakið jafnrétti.
- Þegar þú leggur spurningarnar fyrir börnin í samantektinni skaltu gæta þess að einhverjum þeirra kann nú þegar að vera strítt og jafnvel skilin út undan vegna óhefðbundinnar kynhegðunar. Leyfðu engar umræður sem geta valdið þeim óþægindum.
- Ekki þarf að nota hugtök á borð við „kyn“ eða „kynhlutverk“ meðal yngstu barnanna; þroskarannsóknir sýna þó að jafnvel börn á forskólaaldri gera sér grein fyrir ólíkum væntingum til kynjanna.

Breytingar

- Ef hópurinn er stór: Skiptu börnunum í fjögurra manna hópa. Láttu hvern hóp fá töflu 1 og segðu þeim að skrá niður dæmigerðar athafnir og einkenni karla og kvenna. Fulltrúar hópanna geta svo kynnt niðurstöður þeirra. Ræddu við allan hópinn um hefðbundin og óhefðbundin hlutverk. Segðu börnunum að snúa sér síðan aftur að hópvinnunni og fylla út töfluna yfir óhefðbundin einkenni og athafnir karla og kvenna, bæði í sögunum og í daglegu lífi sínu. Ljúktu verkefninu með umræðum sem öll börnin taka þátt í.
- Fyrir eldri börnin: Veldu skáldsögu eða vinsæla bíómynd í stað ævintýris. Vixlaðu kynhlutverkum þegar þú byrjar að segja söguna og láttu svo börnin halda frásögninni áfram. Sum eldri barnanna geta kannski sjálf breytt og endursagt sögu sem allir þekkja. Síðan á hver vinnuhópur að segja öllum hinum söguna sína.



DÆMI UM UMSNÚIÐ ÆVINTÝRI

Öskubuska

Einu sinni var lítill og vansæll **drengur**. **Pabbi hans** var dáinn og mamma hans fór að búa með öðrum **manni**, **ekkjumanni** sem átti tvo **syni**. Nýi **stjúpfaðirinn** kom afar illa fram við **drenginn**. En hans eigin **synir** fengu að njóta alls hins besta, fagurmælgis og forréttinda. Þeir fengu falleg föt, veislumat og alls kyns góðgæti. En vesalings vansæli **drengurinn** fékk ekki neitt. Engin falleg föt heldur aðeins larfana af **stjúpbræðrum** sínum. Hann fékk engan veislumat heldur aðeins afganga að borða. Hann fékk einskis að njóta, jafnvel ekki hvíldar, því að **hann** þurfti að þræla alla daga, sækja björg í bú, sjá um eldamennskuna, þvo þvottinn og halda öllu húsinu hreinu. Þegar kvöldaði var **honum** aðeins leyft að sitja einn og yfirgefinn um stund við glóðirnar á eldavélinni.

Þessi löngu og einmanalegu kvöld var hann vanur að tala við köttinn og fella tár. Kötturinn sagði „mjá“, sem þýddi í raun „hertu upp hugann! Þú átt svolítið sem hvorugur **stjúpbræðra** þinna á, og það er fegurð.“

Og það voru orð að sönnu hjá kettinum. Jafnvel þótt hann væri í lörfum og sóttur í framan var hann aðlaðandi ungur **maður**, en það var sama í hve finum fötum **stjúpbræður hans** voru, þeir voru bæði ljótir og klunnalegir og það yrðu þeir alltaf.

Dag einn fóru glæsileg, ný föt, skór og skartgripir að berast inn á heimilið. Drottningin ætlaði að halda dansleik og **stjúpbræðurnir** voru að búa sig undir hann. Þeir stóðu tímunum saman fyrir framan spegilinn. **Drengurinn** þurfti að hjálpa þeim að klæðast öllum þessum fínu fötum. Hann þorði ekki að spyrja: „Hvað með mig?“ því að **hann** vissi mætavel að svarið við því yrði: „Þig? Kæri **vinur**, þú verður heima og þværð leirtauið, skúrar gólfina og býrð um rúmin fyrir **stjúpbræður** þína. Þeir verða bæði syfjaðir og þreyttir þegar þeir koma heim.“

Þegar bræðurnir og faðir þeirra voru farnir á dansleikinn þurkkaði vesalings **drengurinn** af sér tárin og sagði sorgmæddur við köttinn: „Æ, ég er svo leiður!“ og kötturinn tautaði „mjá“.

En á sama augnabliki lýsti ljósgeisli eldhúsið upp og á miðju gólfi birtist álfur. „Láttu þér ekki bregða, **ungi maður**“, sagði álfurinn. „Andvörp þín bærust til mín með vindinum. Ég veit að þig langar á dansleikinn, og þangað muntu líka fara!“

„Hvernig get ég það, ég á bara þessa fatalarfa?“ svaraði **drengurinn**. „Þjónustufólkið mun ekki hleypa mér inn!“ Álfurinn brosti. Hann sveiflaði töfrasprotanum sínum og fátæki **drengurinn** var allt í einu kominn í glæsileg föt, mestu skartklæði sem sést höfðu í öllu konungsríkinu.

„Nú veistu í hvaða fötum þú ferð“, sagði álfurinn, „og nú vantar bara hestvagn fyrir þig. Alvöru **herramaður** myndi aldrei fara fótgangandi á dansleik! Hraðaðu þér! Og náðu í grasker fyrir mig!“ sagði **hann** í skipunartón.

„Já, skal gert“, sagði **drengurinn** og þaut af stað.

Þá sneri álfurinn sér að kettinum. „Náðu í sjö mýs fyrir mig!“

Fátæki **drengurinn** kom brátt aftur með myndarlegt grasker og kisa kom með sjö mýs sem **hún** hafði veitt í kjallaranum. „Ljómandi gott!“ sagði álfurinn. **Hann** sveiflaði töfrasprotanum sínum – og þvílíkt kraftaverk! Graskerið breyttist í glitrandi hestvagn og mýsnar í sex hvíta hesta, en sjöunda músin í **vagnstýru**, búna fögrum klæðum með keyri. **Drengurinn** trúði ekki sínum eigin augum.

„Ég mun kynna þig fyrir hirðinni. Þú munt brátt sjá að **prinsessan**, sem verið er að heiðra með þessum dansleik, mun heillast af glæsileika þínum. En eitt skaltu muna! Á miðnætti verður þú að hraða þér heim. Því að þá falla álögin. Þú ekur heim í graskeri, hestarnir breytast aftur í mýs og **vagnstýran** líka. Og þú klæðist aftur lörfunum þínum og tréklossunum í stað þess að vera í þessum skínandi fínu dansskóm. Skilurðu það?“

Drengurinn brosti og sagði: „Já, ég skil!“



DÆMI UM UMSNÚIÐ ÆVINTÝRI

Þegar **drengurinn** gekk inn í danssalinn mátti heyra saumnál detta. Allir þögnuðu í miðri setningu til að dást að glæsileika **hans**, og fegurð **hans** og þokka.

Hver er þetta?“ spurði fólk hvert annað. **Stjúpræðurnir** tveir veltu líka fyrir sér hver þessi nýi gestur væri, því aldrei í veröldinni hefði þeim dottið í hug að þessi gullfallegi **piltur** væri í raun **stjúpróðir** þeirra sem talaði bara við köttinn!

Þá kom **prinsessan** auga á hve fegur **hann** var. **Hún** gekk til **hans**, hneigði sig og bað hann um dans. Og öllum ungu **herramönnum** til mikillar armæðu dansaði **hún** bara við **drenginn** allt kvöldið.

„Hver ert þú, fagri, ungi **maður**?“ spurði prinsessan hvað eftir annað.

En fátæki **drengurinn** svaraði einungis: „Hvaða máli skiptir hver ég er! Þú munt hvort sem er aldrei sjá mig aftur.“

„Víst mun ég gera það, það er ég viss um!“ svaraði **hún**.

Fátæki **drengurinn** skemmti sér konunglega, en allt í einu heyrði **hann** klukknaðljóm: klukkan var að byrja að slá á miðnætti! **Hann** minntist þess sem álfurinn hafði sagt og án þess að kveðja smeygði hann sér úr örmum prinsessunnar og hljóp niður hallarþrepin. Á hlaupunum missti **hann** af sér annan dansskóinn, en það hvarflaði ekki að **honum** að snúa við og taka hann upp! Ef klukkan slægi nú tólfta höggið ... hvílík hörmung yrði það! **Hann** flúði út í nóttina og lét sig hverfa.

Prinsessan, sem var orðin yfir sig ástfangin af **honum**, tók upp dansskóinn **hans** og tilkynnti að **hún** myndi giftast þeim **manni** sem passaði í skóinn. **Hún** sagði við sendiboða sína: „Farið og leitið alls staðar að **piltinum** sem þessi skór passar á. Ég sé ekki til sólar fyrr en ég er búin að finna hann! Sendiboðarnir fóru því um og mátuðu skóna á alla **pilta** sem þeir hittu.

Þegar einn sendiboðinn kom að húsinu þar sem **drengurinn** bjó með **stjúpföður** sínum og **stjúpræðrum**, spurði hann hvort hann mætti máta skóinn á ungu **mennina** á heimilinu. **Stjúpræðurnir** tveir gátu ekki svo mikið sem troðið stórutánni í skóinn. Þegar sendiboðinn spurði hvort einhverjir fleiri ungir **menn** væru á heimilinu sagði stjúpfaðirinn svo ekki vera. En í sama mund tók **hún** eftir kettinum sem togaði í buxaskálmina **hennar** og dró hana inn í eldhúsið.

Þar sat **drengurinn** við kulnaða eldstóna. Sendiboðinn mátaði skóinn á hann og **henni** til mikillar furðu smellpassaði hann á drenginn.

„Þessi sóðalegi **strákur** getur ómögulega hafa verið á dansleiknum,“ hreytti stjúpfaðirinn út úr sér. „Segðu **prinsessunni** að **hún** ætti giftast öðrum hvorum syni mínum! Sérðu ekki hve ljótur **strákurinn** er! Sérðu það ekki?“

Allt í einu steinþagnaði **hann** því að álfurinn var kominn.

„Nú er nóg komið!“ hrópaði **hann** og sveiflaði töfrasprotanum **sínum**. Á svipstundu var **drengurinn** orðinn fagurlega búinn, geislandi af æsku og fegurð. **Stjúpi** hans og **stjúpræður** störfðu undrandi á **hann** og sendiboðarnir sögðu: „Komdu með okkur fagri, ungi **maður**! **Prinsessan** bíður þín með trúlofunarhringinn!“ Og **drengurinn** fór hinn kátasti með þeim. **Prinsessan** giftist **honum** fáeinum dögum síðar og þau lifðu hamingjuríku lífi til æviloka.

Og kötturinn sagði bara „mjá!“

Heimild: Öskubuskusögur, www.ucalgary.ca/~dkbrown/cinderella.html

